

**Ed.** **592. Frumvarp til laga** [173. mál]  
um breyting á lögum nr. 71/1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

(Eftir 3. umr. í Nd., 8. apríl.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Heimild þessi gildir til ársloka 1974.

Ágóði happdrættisins skal renna í byggingarsjóð aldraðs fólks. 60% ágóðans skal þó varið til byggingar dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Heimilt skal þó stjórn dvalarheimilis aldraðra sjómanna að veita styrk eða lán til annarra dvalarheimila aldraðs fólks.

2. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um endurskoðun ársreikninga happdrættisins og afhendingu fjáris til byggingarsjóðsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.